

Alþingi  
Erindi nr. P 122/172  
komudagur 21. 11. 197

Skotfélag Austurlands Selási 14 700 Egilsstaðir Sími 4711124

Nefndarsvið Alþingis  
Þórshamri v/Templarasund  
150 Reykjavík.

Erindi:

Athugasemdir viðfrumvarp til vopnalaga.  
(Lagt fyrir alþingi á 122 löggjafarþingi 1997-98)

Stjórn Skotfélags Austurlands er að mörgu leiti sátt við að ný og nútímalegri vopnalöggjöf verði til á hinu háa Alþingi. Markmið slíkrar löggjafar á að vera fyrst og fremst sú, að löghliðnir Íslendingar geti stundað sitt áhugamál án þess að “neyðast” til að fara á ská eða til hliðar við lög.

Sumar greinar í þessu frumvarpi eru helst til þunglamalegar og gera heiðarlegu fólki lífið leitt. Það má benda hinu háa Alþingi á þá staðreynd að b liður í II kafla athugasemda við frumvarpið er rangur. Hert vopnalöggjöf í mörgum löndum heims, hefur ekki fækkað glæpum þar sem skotvopnum er beitt, þetta hefur verið rannsakað og kom í ljós að þrátt fyrir umtalsverða fækkun skráðra veiðivopna jukust glæpir þar sem skotvopnum var beitt. (Bretlandseyjar).

Stjórn Skotfélags Austurlands gerir því eftirfarandi athugasemdir við einstakar málsgreinar frumvarpsins og rökstiður þær.

4. gr.

“Í leyfi skal koma framm hversu mikið magn af púðri hvellhettum og skothylkjum leifishafa er heimilt að kaupa”.

Þessi málsgrein falli burt.

Enda skapa þessi efni ekki meiri hættu á heimilum t.d. við eldsvoða heldur en mörg önnur efni sem þar eru geymd svo sem gas. Eins ef menn eiga ríffla í mismunandi stærðum (kaliberum) þarf mismunandi púður og hvellhettur. Eins verður ekki séð að hægt sé að framfylgja þessu ákvæði af einhverju viti.

5. gr.

Við b. lið bætist “ stærri en caliber 22 rim fire”

Margir mjög góðir markrifflar eru framleiddir hálf sjálfvirkir enda um vopn að ræða sem ekki eru hættulegri en hálfsjálfvirk haglabýssa og ekki ástæða til að banna þá, enda yrði Ísland þá eina evrópulandið sem bannar slík vopn. Þar að auki er mikið til af slíkum rifflum hérlendis.

Liður d. falli alveg út.

Líkur eru á að mjög erfitt sé að framkvæma þessa grein vegna uppbyggingu skiptibúnaðar í mörgum gerðum af haglabýssum. Þetta ákvæði er bundið við veiðar í öðrum lögum og skal það haldast. Það fylgir tappi öllum fjölskotabýssum sem notaður skal við veiðar þannig að liðurinn er óþarfur. Enn fremur vaknar sú spurning hver borgar þann kosnað sem af þessari aðgerð hlýst. Ennfremur gæti þetta haft í för með sér að ýmsir þektir framleiðendur og eða innflytjendur hættu að flytja vopn til landsins.

10. gr.

Síðasta málsgrein falli út.

Ekki verður séð hvernig hægt verður að framfylgja greininni og því engin ástæða til að setja reglur sem ekki verður farið eftir. Einnig hindrar greinin hugsanlega það að menn geti gert hagstæð magninnkaup með því t.d. að taka sig nokkrir saman og panta eitthvað tiltekið magn af skotum á nafni eins. Oft eru afslættir verslanna t.d. miðaðir við að tekin séu 1000 skot eða meira (þetta á einkum við um haglaskot)

14. gr.

Fella skal út ákvæði um heimild til veitingu leyfis fyrir skotvopni án einstaklingsnúmers.

Einstaklingsnúmer er skilyrði til að hægt sé að rekja og sanna eignarrétt og uppruna á vopni og tíðkast hvergi í hinum siðmenntaða heimi að veita slíka heimild og víða ströng viðurlög við að fjarlægja einstaklingsnúmer af vopnum. Hvað gera menn ef svona vopni er t.d. stolið?

17 gr.

Stangast 1. og 2. mls. gr. ekki á við stjórnarskrár bundið félagafrelsi? Við viljum því fella niður allt sem kemur á undan mls. gr. sem hefst á: Ráðherra skal í reglugerð setja nánari ákvæði um skotvopnaleyfi til einstaklinga til iðkunar skotfimi og um leyfi til skotfélaga til eignar á skotvopnum.

Við gerum okkur grein fyrir hvaða hugsun liggur að baki 17 gr. en eins og hún er orðuð og upp sett er hún algjörlega óásættanleg og þarf því að endurskrifa hana nánast frá grunni eða sleppa henni.

21 gr

Við fyrstu málsgrein bætist: Nema í þartilgerðum viðurkendum umbúðum. Þetta á við um flutning milli svæða t.d. í strætisvögnum, rútum og á flugvöllum. Bent er á sambærileg ákvæði innan EES.

30 gr

Við a lið bætist : og veiðar.

Ekki verður séð hvaða tilgangi a liður þjónar. Eins og bent er á í athugasemdum með frumvarpinu eru þessi ákvæði í gildi í Danmörku en ekki í löndum á borð við Þýskaland og Bretland þar sem glæpir eru ekki fátíðari en hér. Hingað til hefur Íslendingum verið trúandi fyrir hnífum af öllum stærðum og gerðum og varla hefur það breyst.

35 gr.

Allt sem kemur á eftir 1 mls. gr. falli út.

Í þessari grein er verið að afhenda framkvæmdavaldinu dómsvald sem er algerlega óásættanlegt og skal fara með eignaupptöku samkvæmt 69 gr. almennra hegningarlaga.

Við viljum í þessu sambandi benda á að menn eru saklausir þar til sök hefur verið sönnuð á þá með dómi.

38 gr.

1. mls. gr. breytist og verði þannig: Allar breytingar svo sem lággerð, mögulegum skotafjölda eða aukabúnað sem hefur áhrif á eiginleika skotvopns eða verkun skal tilkinna til lögreglustjóra. 2. mls. gr. verði óbreytt.

Við höldum að svona útlitandi verði greinin skilvirkari og endurspegli betur stöðu mála, því margir lögreglustjórar, því miður, hafa ansi lítinn skilning á skotvopnum og virkni þeirra.

Egilsstaðabæ 18. 11. 1997

Virðingafyllst

Þórhallur Borgarsson

Þórhallur Borgarsson formaður SKAUST.